

Lagt fyrir 428. fund velferðarráðs 4. maí 2022
VEL22030034
RÁ/hs/kg

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda barna sem hafa fengið þjónustu á grundvelli tímabundinna fjárheimilda vegna áhrifa COVID-19.

Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda barna sem hafa fengið þjónustu á grundvelli tímabundinna fjárheimilda vegna áhrifa COVID-19:

Árið 2021 voru hækkaðar fjárheimildir um 40 milljónir til velferðarsviðs til að fjölga sérfræðingum og vinna úr löngum biðlista. Í ár hækka fjárheimildir velferðarsviðs um 100 milljónir vegna tímabundinnar fjölgunar sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid á börn og unglunga. Samkvæmt tölulegum upplýsingum um biðlista sem finna má á vef borgarinnar bíða nú 1804 börn eftir fagaðstoð og rúmlega 1000 börn eftir sálfræðingi. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað mörgum börnum hefur verið hægt að sinna fyrir 40 milljóna króna hækkun fjárheimilda árið 2021 og það sem af er ári 2022? Biðlistatölur hafa farið jafnt og þétt hækkandi allt kjörtímabilið. Aðeins um 3 vikur eru síðan 1680 börn biðu aðstoðar fagfólks skóla. Biðlistatölur hafa aldrei lækkað, aðeins hækkað þrátt fyrir 140 milljóna innspýtingu til sviðsins til að grynka biðlistana.

Svar:

Á fundi borgarráðs þann 21. júní 2021 var samþykkt tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum COVID-19 á börn og unglunga eða alls 140 m.kr. vegna verkefnisins. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyprar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Í tillögunni kemur fram að mikil eftirspurn sé eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí 2021 biðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, þar af 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað var að fjárveitingin dygði til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili.

Á þeim rúmu tíu mánuðum sem hafa liðið frá því að tillagan var samþykkt hefur raunveruleikinn verið sá að tilvísunum á þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga hefur fjölgað gríðarlega og mikill skortur hefur verið á þjónustu sálfræðinga.

Þrátt fyrir að talmeiningafræðingar og sálfræðingar hafi tekið 56% fleiri erindi til vinnslu á milli ára eða um 1.200 erindi er staðan sú að fjöldi barna á bið hefur aukist um 43%

eða 505 börn. Á milli áranna 2020-2021 fjölgaði erindum til skólaþjónustunnar (allra sérfræðinga) um 30% en 632 fleiri erindi bárust á árinu 2021 en árið 2020.

Erfitt hefur reynst að ganga til samninga við sálfræðinga um kaup á þjónustu í gegnum verktöku sem og að ráða þá í tímabundin störf. Meginástæðan er sú að fáar sálfræðistofur hafa getað bætt við sig verkefnum vegna anna. Eftirspurn eftir þjónustu sálfræðinga í samfélaginu er mikil og hefur m.a. verið erfitt að ráða sálfræðinga í fastar stöður á þjónustumiðstöðvum.

Biðlistatölur hafa því ekki farið lækkandi á tímabilinu þrátt fyrir auknar fjárheimildir vegna COVID-19.

Staða verkefnisins í dag er sú að 244 börn hafa fengið eða eru í þjónustu og búið er að ráðstafa rúmlega 34 m.kr. af fjármagninu (tafla 1). Gerðir hafa verið samningar við þrjár stofur talmeinafræðinga vegna 139 barna. Einnig var ráðinn talmeinafræðingur tímabundið til þjónustumiðstöðvar Austurs (Árbæjar og Grafarholts) vegna langs biðlista og ráðgert að sá starfsmaður veiti 80 börnum þjónustu á meðan tímabundin ráðning varir. Samið hefur verið við sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna 50 barna. Haldin hafa verið tvö námskeið á vegum Keðjunnar fyrir samtals 15 börn.

Tafla 1: Staða aðkeyptar vinnu

Þjónusta	Fjöldi barna	Kostnaður m.kr.
Aðkeypt talmeinaþjónusta	139	20
Talmeinaþjónusta þjmst/tímabundið stg.	40	5
Aðkeypt sálfræðiþjónusta	50	8
Námskeið hjá Keðjunni	15	1,4
Samtals	244	34,4

Ráðstafanir hafa verið gerðar vegna 232 barna til viðbótar, en tryggt er að 40 börn fái talmeinaþjónustu frá þjónustumiðstöð og þá hefur verið ákveðið að bjóða 192 foreldrum og börnum upp á námskeið í hugrænni atferlismeðferð í samstarfi Háskólans í Reykjavík og Keðjunnar. Ennfremur standa vonir til að hægt verði að semja við sálfræði- og talmeinastofur um þjónustu vegna 175 barna til viðbótar en niðurstöður liggja ekki fyrir (tafla 2). Hins vegar hafa verið að koma jákvæð svör frá einstaka sálfræðingum sem eru tilbúnir til að taka að sér verkefni.

Tafla 2: Næstu skref

Næstu skref:	Fjöldi barna	Kostnaður m.kr.
Ákveðið: Námskeið hjá HR í samstarfi við Keðjuna*	192	2
Ákveðið: Talmeinaþjónusta frá þjónustumiðstöð	40	5
Samtals	232	7
Í vinnslu: Áframhaldandi aðkeypt sálfræðiþjónusta	50	8
Í vinnslu: Áframhaldandi aðkeypt talmeinaþjónusta	125	17
Samtals	407	32

*Ekki er hægt að fullyrða að námskeiðsframboð til barna og foreldra muni draga úr þörf á greiningum en líkur er taldar á að námskeið muni leiða til jákvæðra breytinga á stöðu barns.

Aukin eftirspurn er frá leik- og grunnskólum borgarinnar eftir þjónustu sérfræðinga skólaþjónustunnar og ljóst að ekki er unnt að anna þeirri eftirspurn með þeim björgum sem til staðar eru í dag innan skólaþjónustunnar. Í lok árs 2021 var fjöldi barna sem voru á bið eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga 43% fleiri samanborið við árið áður, þrátt fyrir áttak í að vinna niður biðlista. Börnum á bið eftir sálfræðiþjónustu fjölgaði um 36% og um 67% eftir talmeinaþjónustu á milli áranna 2020 og 2021 (tafla 3).

Tafla 3: Bið eftir þjónustu

Bið eftir þjónustu	Fjöldi barna	Bið eftir sálfræðingum	Bið eftir talmeinafræðingum
Desember 2020	1175	704	317
Desember 2021	1680	954	535
Breyting milli ára	43%	36%	67%